



Minnisblað

Til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar

Frá forsætisráðuneytinu

5. desember 2023

Mannréttindastofnun Íslands

Á fundi stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar með fulltrúum forsætisráðuneytis þann 24.nóvember var óskað eftir upplýsingum frá ráðuneytinu, annars vegar um fjármögnun stofnunarinnar og hins vegar um eftirlit og réttindagæslumenn fatlaðs fólks.

Kostnaðarmat

Í endanlegu mati á áhrifum með frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands er gert ráð fyrir að áætlaður heildarkostnaður við rekstur stofnunarinnar sé 223,9 m.kr. á ári, auk 9 m.kr. vegna stofnkostnaðar.

Gert er ráð fyrir 180 m.kr. verði fjármagnaðar með millifærslum, að stærstum hluta frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti en eftirstöðvar 43,9 m.kr. verði fjármagnaðar innan fjárlagaramma forsætisráðuneytisins. Auk þess þarf að gera ráð fyrir stofnkostnaði 9 m.kr.

<u>Áætlaður rekstrarkostnaður Mannréttindastofnunar Íslands samkvæmt endanlegu mati og fjármögnun</u>	<u>m.kr.</u>
Áætlaður rekstrarkostnaður Mannréttindastofnunar Íslands á ári	223,9
Áætlaðar millifærslur	-180,0
Flutt af 07-700 110 Réttindagæsla fatlaðra	-135,9
Flutt af 01-313 101 Jafnréttisstofa	-3
<i>Styrktarframlög sem hafa farið til Mannréttindaskrifstofu Íslands og flyjast til nýrrar stofnunar</i>	
Styrkur frá utanríkisráðuneytiðnu	-4
Styrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu	-7
Styrkur frá forsætisráðuneytinu	-30,1
Eftirstöðvar fjármagnaðar innan fjárlagaramma forsætisráðuneytisins	43,9

Vakin er athygli á því að frá því að endanlegt mat á áhrifum með frumvarpi til laga um Mannréttindastofnun Íslands var unnið hafa fjárveitingar til verkefna breyst. Helsta breytingin er framlag til Réttindagæslu fatlaðra en fjárveitingin hefur hækkað úr 135,9 m.kr. í 183,2 m.kr.

eða um 47,3 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá félags- og vinnumarkaðsráðuneyti þá er hækkunin vegna hallarekstur og endurmats á fjárveitingu.

Áætlaður heildarkostnaður við rekstur stofnunarinnar er því 271,2 m.kr. en ekki 223,9 m.kr. á ári eða hækkun um 47,3 m.kr. auk 9 m.kr. vegna stofnkostnaðar.

Er það mat ráðuneytisins að áætlaður rekstrarkostnaður við stofnun Mannréttindastofnunar dugi til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu, eins og því er lýst í 2. gr. frumvarps um Mannréttindastofnun.

Eftirlit með réttindagæslumönnum fatlaðs fólks

Þegar réttindagæslumenn fatlaðs fólks verða hluti af Mannréttindastofnun Íslands teljast þeir ekki til stjórnvalda og mun umboðsmaður Alþingis því ekki hafa eftirlit með störfum þeirra.

Ljóst er að eftirlit er mikilvægur þáttur í virkri mannréttindavernd. Í fræðilegri umfjöllun um eftirlit er því oft velt upp hver skuli hafa eftirlit með eftirlitsaðilum, í ljósi þeirrar ríku áherslu sem er lögð á sjálfstæði þeirra. Parísarviðmið Sameinuðu þjóðanna leggja áherslu á fjölræði og að fjölbreyttur hópur komi að starfi mannréttindastofnana, m.a. í þeim tilgangi að tryggja ákveðið innra eftirlit innan slíkra stofnana. Stjórn stofnunarinnar mun hafa mikilvægu hlutverki að gegna þegar kemur að eftirliti með framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki.

Réttindagæslumenn fatlaðs fólks verða starfsmenn Mannréttindastofnunar og framkvæmdastjóri mun hafa ákveðnar yfirstjórnunar- og eftirlitsheimildir gagnvart þeim. Ef réttindagæslumenn fatlaðs fólks sinna ekki hlutverki sínu eða fara út fyrir verksvið sitt ber framkvæmdastjóra og stjórn að bregðast við.

Mannréttindastofnun Íslands mun heyra undir Alþingi og þannig mun þingið jafnframt hafa eftirlitshlutverk gagnvart stofnuninni. Þingið getur því ákveðið að víkja fulltrúa í stjórn eða stjórn í heild frá störfum ef hún er ekki að sinna hlutverki sínu. Eftirlit með störfum Mannréttindastofnunar Íslands mun að þessu leyti vera sambærilegt og eftirlit með umboðsmanni Alþingis og Ríkisendurskoðun. Í því sambandi má benda á að umboðsmaður Alþingis sinnir eftirlitsverkefnum sem svipar til verkefna réttindagæslumanna, svo sem að taka á móti kvörtunum frá fönngum og hafa eftirlit með frelsissviptum einstaklingum á grundvelli OPCAT.

Þó að réttindagæslumenn fatlaðs fólks færast frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu til Mannréttindastofnunar Íslands mun félags- og vinnumarkaðsráðuneytið áfram gegna

mikilvægu eftirlitshlutverki með málefnum fatlaðs fólks. Þannig er t.d. áfram gert ráð fyrir því að sérstök réttindavakt starfi innan ráðuneytisins. Enn fremur hefur Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála eftirlit með gæðum velferðarþjónustu.

Hins vegar mun Mannréttindastofnun Íslands og réttindagæslumenn fatlaðs fólks sinna ytra eftirliti með réttindum fatlaðs fólks og aðstoða fatlað fólk við að sækja rétt sinn m.a. hjá þeim aðilum sem sinna innra eftirliti.